



Framkvæmda- fréttir

7. tbl. /09



Héðinsfjarðargöng, síðasta sprenging

Starfsmenn við gangagerð klifra yfir grjóthrúguna sem varð til við síðustu sprengingu og mæta gestum sem komu úr hinni áttinni. Starfsmennirnir halda á fánum Íslands og Tékklands. Einnig má sjá firmafána Metrostav.

Kristján L. Möller samgönguráðherra sprengdi síðasta haftið í Héðinsfjarðargöngum kl. 10:00 á Skírdagsmorgun, 9. apríl. Vel hefur gengið að sprengja að undanfögnu þrátt fyrir að mikill vatnsagi í Ólafsfjarðaleggnum hafi tafið verkið á fyrri stigum.

Haldið verður áfram að styrkja göngin, vatnsverja, leggja lagnir, malbika veginn og allt annað sem þarf til að gera göngin klár fyrir umferð en reiknað er með að því verki ljúki í júlí á næsta ári (2010).

Göngin stóðust fullkomlega þar sem þau mættust því einungis munaði 11 cm á hlið ganganna og 6 cm á toppi þeirra. Sé tekið mið af hversu óreglulegir veggirnir eru þá er þetta minna en enginn munur.

Héðinsfjarðargöng er stærsta verkefni sem Vegagerðin hefur boðið út og var verksamningur undirritaður á Siglufirði þann 20. maí 2006. Göngin og vegskálar eru alls um 11 km að lengd í tveimur hlutum. Verktakar við gangagerðina og tilheyrandi vegagerð eru tékkneska fyrirtækið Metrostav a.s og Háfell ehf. Starfsmenn Metrostav hafa einkum sinnt sprengivinnu og þéttingum og en starfsmenn Háfells sjá um vegagerðina, byggðu brú í Héðinsfirði og verða þeir í meirihluta nú á lokaspretti verksins. Verkið hefur tafist nokkuð meðal annars vegna mikils vatnsaga í göngunum.

Eftir að sprengt hafði verið í gegn og á meðan göngin voru hreinsuð óku samgönguráðherra, vegamálastjóri og fylgdar-

framhald á næstu síðu

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

7. tbl. 17. árg. nr. 520 20. apríl 2009

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

framhald af forsíðu

lið þeirra og gestir í boði verktaka yfir til Siglufjarðar og síðan í gegnum öll göngin til Ólafsfjarðar. Var þar efnt til athafnar þar sem Kristján L. Möller samgönguráðherra, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Vaclav Soukup, deildarstjóri Metrostav, Ermin Stehlik, deildarstjóri Metrostav, Jóhann Gunnar Stefánsson, framkvæmdastjóri Háfells og Þórir Kristinn Þórisson, bæjarstjóri Fjallabyggðar, fluttu ávörp.

Í ávarpi sínu rifjaði samgönguráðherra upp hversu íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar hefðu búið lengi við erfiðar vegasamgöngur. Vegirnir um Siglufjarðarskarð og Lágheiði hefðu komist í gagnið seint á fimmta áratug síðustu aldar, vegur um Ólafsfjarðarmúla 1966, Strákagöngin hefðu verið opnuð 1967 og Múlagöngin 1990. Sagði ráðherra Héðinsfjarðargöng hafa verið forsendu sameiningar sveitarfélaganna og þau myndu gera íbúum kleift að búa í öðrum firðinum og sækja vinnu í hinum og jafnvel víðar á Eyjafjarðarsvæðinu.

Pakkaði ráðherra í lokin starfsmönnum verktakanna og sagði þá hafa unnið mikilvægt verkefni við erfiðar aðstæður.

Fulltrúar Metrostav sögðu Héðinsfjarðargöng hafa verið gífurlega erfið og krefjandi verkefni sem reynt hefði mjög á starfsmenn. Ekki síst hefði ískalt vatnið gert þeim erfið fyrir og tafið vinnuna.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri sagði merkan áfanga hafa náðst, þetta væri dagur verktakanna sem unnið hefðu við feikilega erfiðar aðstæður.

Framkvæmdin er liður í að bæta samgöngur, auka umferðaröryggi og tengja Siglufjörð við Eyjafjarðarsvæðið og styrkja þannig byggð á svæðinu.

Framkvæmdin mun stytta leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar úr 62 km í um 15 km miðað við leið um Lágheiði og úr 234 km í 15 km miðað við leið um Öxnadalshéiði.

Heimild: Vefsíður Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytis.



Kristján L. Möller samgönguráðherra sprengir síðasta haftið í Héðinsfjarðargöngum.



Gestir við síðustu sprengingu safnast saman eftir að haftið hafði verið sprengt og fagna áfanganum.

Héðinsfjarðargöng

Greftri Héðinsfjarðarganga lauk með formlegu gegnumslagi samgönguráðherra 9. apríl. Heildarlengd ganga í bergi er 10.570 m. Vinnu við endanlegar bergstyrkingar í vesturhluta ganga frá Héðinsfirði til Ólafsfjarðar lauk einnig í viku 15 og er þá eftir að styrkja endanlega 3,5 km kafla í göngum Ólafsfjarðarmegin og unnið verður við það næstu mánuði. Vinna er einnig hafin í lögnum í göngum milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar. Vegskáli Siglufjarðarmegin er fullsteyptur og nú er unnið við vegskála í Héðinsfirði að vestanverðu.

Bolungarvíkurgöng

Groftur Bolungarvíkurganga:	vika 14	vika 15	Heild
Frá Hnífsdal:	45 m	45 m	1.372 m
Frá Bolungarvík:	50 m	40 m	1.430 m

Samtals var búið að sprengja 2.802 m eða 55,3% af heildarlengd.



Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.



Gangamunni við Siglufjörð. Uppsteypu vegskála er lokið þar og mótin standa tilbúin fyrir næsta áfanga.




Gangamunni í austanverðum Héðinsfirði.



Gestir aka út úr göngum í vestanverðum Héðinsfirði.



Kristján L. Möller samgönguráðherra ók fyrstur í gegnum báða leggi Héðinsfjarðarganga og kemur hér út í Ólafsfirði.




Bolungarvíkurgöng 13. apríl. Lengd frá Bolungarvík 1.430 m, frá Hnífsdal 1.372 m. Samtals 2.802 m eða 55,3% af heildarlengd.



Sprengingum frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar lauk 9. apríl 2009.



Vegamálastjóri og borgarstjóri skrifa undir samkomulagið um aðgerðir í Reykjavík. Samgönguráðherra er einn þriggja votta. Frá vinstri talið: Regína Ásvaldsdóttir skrifstofustjóri borgarstjóra, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Kristján L. Möller samgönguráðherra, Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri, Jónas Snæbjörnsson svæðisstjóri Suðvestursvæðis



Ódýrar aðgerðir á vegakerfi höfuðborgarsvæðisins

Síðastliðið haust vann vinnuhópur fulltrúa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Vegagerðarinnar, samgönguráðuneytisins og ráðgjafa að samantekt verkefna sem flokka má sem ódýrar aðgerðir til að draga úr umferðartöfum og/eða auka öryggi í umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins. Einnig voru athugaðir möguleikar á að flýta fyrir strætó með sérreinum og forgangi á ljósum. Tillögur um aðgerðir komu að mestu frá sveitarfélögum en einnig að hluta til frá ráðgjafa. Gefin hefur verið út skýrsla þar sem aðgerðirnar eru taldar upp og skýrðar í máli og myndum.

Í framhaldi af þessari vinnu hefur Vegagerðin og Reykjavíkurborg gert með sér samkomulag um aðgerðir í Reykjavík og eru þær sýndar hér á mynd. Síðar verða framkvæmdir í öðrum sveitarfélögum kynntar hér í blaðinu og útboð þeirra verður einnig kynnt ítarlega þegar að þeim kemur.

Samkomulag Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar

Vegamálastjóri og borgarstjórinn í Reykjavík undirrituðu þann 8. apríl, samkomulag um ýmis verkefni til að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð í borginni. Um mörg verk er að ræða svo sem að breyta umferðarljósastýringu úr 3 fösum í 4. Einnig verða nokkrar framkvæmdir til að bæta aðstöðu strætó og auka forgang.

Samkomulagið:

Reykjavíkurborg og Vegagerðin gera með sér eftirfarandi samkomulag um ýmis verkefni til að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð í borginni. Reiknað er með að öll verkin verði unnin á árinu 2009. Einkum er um að ræða úrbætur á fjölförnum gatnamótum ásamt sérstökum aðgerðum til að greiða fyrir almenningssamgöngum, umferð gangandi og hjólandi vegfaranda ásamt umferðaröryggismálum.

Heildarkostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir er áætlaður um 460 m.kr. (bvst: 490,1), sbr. fylgiskjal 1.

Þar af er hluti Vegagerðarinnar áætlaður 320 m.kr og hluti Reykjavíkurborgar 140 m.kr.

Fyrir liggur frumhönnun verkefnanna. Gerður verður sérstakar samningar um endanleg kostnaðarskipti og umsjón verka, hvert fyrir sig eða nokkur saman, þegar verkhönnun liggur fyrir.

Ákvarðanir varðandi verkhönnun, framkvæmdir og eftirlit verða teknar í samráði beggja aðila en Reykjavíkurborg mun leiða þá vinnu.

Verkefnin eru sýnd á meðfylgjandi korti:

Auglýsingar útboða

Hvammstangavegur (72), um Hvammstanga 09-030

Vegagerðin og Húnaþing vestra óska eftir tilboðum í endurbætur á Hvammstangavegi (72), í gegnum Hvammstanga á um 1.320 m kafla. Hluti verksins er endurnýjun fráveitulagnar og stofnlagningar vatnsveitu.

Helstu magntölur eru:

Ónothæfu efni ekið á losunarstað	2.200 m ³
Burðarlag	1.800 m ³
Einföld klæðing	2.500 m ²
Stungumalbik	8.500 m ²
Fínfræsun stungumalbiks	2.800 m ²
Sögun malbiks	2.400 m ²
Steyptar gangstéttar	610 m ²
Kantsteinar	790 m
Eyjar með steinlögðu yfirborði	100 m ²
Gröftur lagnaskurða	720 m
Endurnýjun fráveitulagnar	40 m
Endurnýjun vatnslagnar	540 m

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 20. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 5. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Leiðrétting

Í síðasta tölublaði var auglýst útboð yfirlagna Suðvestursvæði 2009, malbik. Prentvilla var í magntölu fyrir malbik. Rétt tala er 11.500 tonn.



Höfðabakki - Vesturlandsvegur

Aukin afköst gatnamótanna á Höfðabakkabrá.
Tilfærslur akreina til að greiða fyrir umferð til norðurs.

Breiðholtsbraut - Jaðarsel

Breyting á stýringu umferðarljósa til að auka afköst gatnamótanna. Gerð framhjáhlups til austurs framhjá umferðarljósum.



Opnun tilboða í Raufarhafnarveg 15. apríl 2009. Myndin er tekin í fundasal Vegagerðarinnar í Reykjavík en tilboð voru opnuð samtímis á Akureyri og Reyðarfirði. Einnig var fylgst með fundinum á Sauðárkróki. Á veggnum má sjá skjáinn sem fjárfundarbúnaðurinn nýtir.

Hreinn Haraldsson skipaður vegamálastjóri

Kristján L. Möller, samgönguráðherra, hefur skipað Hrein Haraldsson í embætti vegamálastjóra til 5 ára en hann var settur í embættið til eins árs 1. maí 2008.

Hreinn lauk doktorsnámi í jarðfræði frá Háskólanum í Uppsöllum í Svíþjóð, með áherslu á mannvirkjajarðfræði og jarðverkfræði. Hann kom til starfa hjá Vegagerðinni 1981, sem yfirjarðfræðingur. Hann gegndi starfi forstöðumanns jarðfræði- og jarðtæknideildar, starfi framkvæmdastjóra rannsókna og þróunar og varð síðar framkvæmdastjóri þróunarsviðs, sem komið var á laggirnar 1999 af þáverandi vegamálastjóra.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir Norðaustursvæði 2009, austurhluti – klæðing 09-009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á austurhluta Norðaustursvæðis.

Helstu magnþölur:

Yfirlagnir	490.000 m ²
Flutningur steinefna	6.760 m ³
Flutningur bindiefna	880 tonn

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 20. apríl 2009. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 5. maí 2009 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Raufarhafnarvegur (874), Hófaskarðsleið - flugvöllur 08-009

Tilboð opnuð 15. apríl 2009. Nýbygging Raufarhafnarvegur á um 14,1 km löngum kafla, frá Hófaskarðsleið að Raufarhafnarflugvelli.

Helstu magnþölur eru:

Bergskering	10.800 m ³
Önnur skering	76.500 m ³
Fylling	212.500 m ³
Fláafleygar	47.700 m ³
Ræsalögn	142 m
Endafrágangur ræsa	10 stk.
Neðra burðarlag	40.100 m ³
Efra burðarlag	22.300 m ³
Tvöföld klæðing	97.700 m ²
Girðingar	19.200 m

Lagningu slitlags á Raufarhafnarveg skal lokið fyrir 15. ágúst 2010. Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. október 2010.

Niðurstöður útboða

Efnisvinnsla Norðvestursvæði, Bitrufjörður 09-005

Tilboð opnuð 7. apríl 2009. Efnisvinnsla í Bitrufirði á Ströndum. Um er að ræða mólun á efra burðarlagsefni og klæðingarefni í einni námu.

Helstu magnþölur eru:

Efni í efra burðarlag	16.000 m ³
Efni í klæðingu	2.600 m ³
Griðtnám á opnum svæðum	14.500 m ³

Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2009.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Borgarvirki ehf. og Alexander Ólafsson, Hafnarfirði	33.921.000	101,3	10.136
---	Áætlaður verktakakostnaður	33.495.000	100,0	9.710
4	Myllan ehf., Egisstöðum	33.117.500	98,9	9.333
3	Brjótur sf., Hofsósi	32.478.700	97,0	8.694
2	Tak - Malbik ehf., Borgarnesi	25.979.100	77,6	2.194
1	Króksverk ehf., Sauðárkróki	23.785.000	71,0	0

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	447.120.000	100,0	197.120
10	Verktakar Magni ehf., Kópavogi	425.984.400	95,3	175.984
9	Ístak hf., Reykjavík	366.336.697	81,9	116.337
8	Skagfirskir verktakar, Sauðárkróki	346.485.000	77,5	96.485
7	Ingileifur Jónsson ehf., Reykjavík	340.790.400	76,2	90.790
6	G.V. Gröfur ehf., Akureyri	330.476.300	73,9	80.476
5	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	304.580.000	68,1	54.580
4	Héraðsverk ehf., Egilsstöðum	299.044.847	66,9	49.045
3	Hektar ehf., Reykjavík	275.911.000	61,7	25.911
2	KNH ehf., Ísafirði	266.838.252	59,7	16.838
1	Klæðning ehf., Hafnarfirði	250.000.000	55,9	0



Kristján L. Möller samgönguráðherra afhendir Hreini Haraldssyni skipunarbréf vegamálastjóra til 5 ára þann 2. apríl.

Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur – Bessastaðavegur

07-039

Tilboð opnuð 7. apríl 2009. Gerð Álftanesvegur (415), milli Hafnarfjarðarvegur og Bessastaðavegur. Verkið felst í því að leggja nýjan 4 km langan veg frá Engidal að Bessastaðavegi. Gera skal mismálæg gatnamót ásamt að- og fráreinum við Hraunsholt í Engidal, byggja tvenn göng fyrir gangandi umferð og gera hringtorg við Bessastaðaveg. Breyta skal legu strengja, vatns- og hitaveitulagna. Þá á að leggja nýja háspennu- og rafdreifistrengi, síma-, vatns-, og hitaveitulagnir. Einnig fylgir með í verkinu landmótun, sáning og yfirborðsjófnun hrauns innan verksvæðisins.

Helstu magntölur eru:

Skering	60.000 m ³
Fylling	76.000 m ³
Neðra burðarlag	30.000 m ³
Efra burðarlag	13.500 m ³
Malbik	59.000 m ²
Gangstígar	4.500 m ²
Mótaflétir	2.700 m ²
Steypustyrktarstál	87.000 kg
Steinsteypa	1.120 m ³
Eftirspennt járnalögn	5.300 kg

Verkið skiptist í 3 verkáfanga með nokkrum millidagsetningum; 1. áfanga á að vera lokið þann 1. desember 2009, 2. áfanga þann 1. ágúst 2010 og 3. áfanga og þar með verkinu í heild 31. ágúst 2010.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
19	ÞG verktakar, Reykjavík	916.903.088	111,1	355.493
---	Áætlaður verktakakostnaður	825.000.000	100,0	263.590
18	Suðurverk hf., Kópavogi	784.468.190	95,1	223.058
17	K N H ehf. Ísafirði	710.141.525	86,1	148.731

nr.	Bjóðandi, framhald	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
16	Háfell ehf., Reykjavík	694.962.829	84,2	133.553
15	Hektar ehf. Kópavogi	679.400.000	82,4	117.990
14	Borgarverk ehf., Borgarnesi	679.247.000	82,3	117.837
13	Glaumur verktakafélag ehf., Garðabæ	676.742.553	82,0	115.332
12	Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi	674.700.000	81,8	113.290
11	Þróttur ehf., Akranesi	667.973.000	81,0	106.563
10	Klæðning ehf., Hafnarfirði	666.666.666	80,8	105.256
9	Verktakar Magni ehf., Kópavogi	664.619.014	80,6	103.209
8	GT verktakar ehf., Hafnarfirði	652.634.170	79,1	91.224
7	Skrauta ehf. Hafnarfirði	638.655.343	77,4	77.245
6	Ístak hf. Reykjavík,	636.335.051	77,1	74.925
5	Íslenskir aðalverktakar ehf., Reykjavík	609.036.025	73,8	47.626
4	Snæbjörn Sigurðsson hf. og Arnarverk ehf., Reykjavík	587.532.222	71,2	26.122
3	Ásberg ehf., og Nesvélur Mosfellsbæ	581.166.667	70,4	19.756
2	Ris ehf. og Vélaleiga AP., Reykjavík	579.508.609	70,2	18.098
1	Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ	561.410.200	68,0	0

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
09-027 Skriðdalsvegur (807), Skáldalækur - Brautarhóll	09
08-011 Kísilvegur (87), Hólasandur - Geitafellsá, 2. áfangi	09
08-085 Laxárdalsvegur (59), Höskuldsstaðir - Leiðólfstaðir	09
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Húnaveilir	09
09-026 Hringvegur (1), um Ysta-Rjúkandi	09
09-028 Vetrarþjónusta 2009-2012, Stykkishólmur um Vatnaleið að Snæfellsnesvegi	09
09-082 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Brakandi	09
09-006 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur, eftirlit	09
09-007 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur	09
09-008 Hringvegur (1), Hafravatnsvegur - Þingvallavegur, eftirlit	09
09-016 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, uppsveitir Arnessýslu	09
09-017 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, klæðingar	09
09-018 Yfirlagnir Suðursvæði 2009, malbik	09
09-019 Efnisvinnsla Suðursvæði 2009	09
09-020 Vetrarþjónusta Suðursvæði 2009-2014, Hellisheiði og Árborgarhringur	09
09-021 Brú á Hvítá á Bræðratunguvegi, eftirlit	09
09-014 Vetrarþjónusta á Snæfellsnesvegi 2009-2010, Vatnaleið - Ólafsvík	09
09-013 Vetrarþjónusta á Holtavörðuheidi 2009-2012	09
09-012 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009-2010, vesturhluti	09
09-011 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2009-2010, norðurhluti	09
09-015 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur	09
09-010 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, norðurhluti, klæðing	09
09-001 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur	09
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
09-030 Hvammstangavegur (72), um Hvammstanga	20.04.09 05.05.09
09-009 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2009, austurhluti, klæðing	20.04.09 05.05.09
09-022 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, malbik	06.04.09 21.04.09
09-022 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2009, „repave“	06.04.09 21.04.09
08-032 Bræðratunguvegur (359) Flúðir - Tungufljót	16.03.09 05.05.09

Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
08-009 Rauðfarhafnarvegur (874) Hófaskarðsleið - Flugvöllur	23.03.09 15.04.09
09-005 Efnisvinnsla Norðvestursvæði, Bitrufjörður	23.03.09 07.04.09
08-064 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	16.03.09 31.03.09
08-034 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	23.02.09 07.04.09
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	02.02.09 24.03.09
08-022 Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá	02.02.09 24.02.09
Samningum lokið	Opnað: Samið:

Ekki hafa verið gerðir neindir verksamningar frá því síðasta tölublað kom út.

Niðurstöður útboða

Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit

08 - 064
Tilboð opnuð 7. apríl 2009. Eftirlit með gerð Álftanesvegur. Verkið felst í því að leggja nýjan 4 km langan veg frá Engidal að Bessastaðavegi. Gera skal mismálæg gatnamót ásamt að- og fráreinum við Hraunsholt í Engidal, byggja tvenn göng fyrir gangandi umferð og gera hringtorg við Bessastaðaveg. Breyta skal legu strengja, vatns- og hitaveitulagna. Þá á að leggja nýja háspennu- og rafdreifi-strengi, síma-, vatns-, og hitaveitulagnir. Einnig fylgir með í verkinu landmótun, sáning og yfirborðsjöfnun hrauns innan verksvæðisins.

Verkið skiptist í þrjú verkáfanga með nokkrum milli-dagsetningum; 1. áfanga á að vera lokið þann 1. desember 2009, 2. áfanga þann 1. ágúst 2010 og 3. áfanga og þar með verkinu í heild 31. ágúst 2010.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnivalis og verðs og þar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Tilboðum var skilað þriðjudaginn 31. mars 2009 og þá var lesið upp hverjir skiluðu inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur var þriðjudaginn 7. apríl 2009, þar sem lesnar voru upp einkunnir bjóðenda í hæfnimati og verðtilboð opnuð.

nr. Bjóðandi (stafrófsröð)	Hæfnimat	Tilboð (kr.)
Áætlaður verktakakostnaður		19.390.000
Almenna verkfræðistofan hf., Reykjavík	64,0	16.469.949
Efla hf., Reykjavík	64,0	14.400.000
Guðmundur Þ. Björsson, Kópavogi	51,0	22.232.000
Strendingur ehf., Hafnarfirði	59,0	11.200.000
Verkfæðistofan Hnit hf., Reykjavík	63,0	14.726.400
Verkís hf., Reykjavík	64,0	17.370.000
VSF Verkfræðistofa ehf., Hafnarfirði	59,0	13.995.000
VSÓ - Ráðgjöf ehf., Reykjavík	63,0	16.999.000